

Mikið sjónarspil í Geldingadal



Mynd: Sigurður Þór Helgason hjá drónaversluninni DJI Reykjavík.

Eldgos hófst við Fagradalsfjall, nánar tiltekið í svokölluðum Geldingadal í lok síðustu viku. Gosið þykir hið mesta sjónarspil og fjöldi fólks hefur lagt sig eftir því að ganga að gosinu og virða það fyrir sér. Ekki hafa þó allir farið vel búnir á vettvang og björgunarsveitarfólk staðið í ströngu við ýmsar aðgerðir vegna þessa. Meðal þeirra fyrstu sem báru gosið augum, í fylgd vísindamanna, var Sigurður Þór Helgason, eigandi drónaverslunarinnar DJI Reykjavík. Sigurður sagði í samtali

við Dagskrána að það væri tilkomumikil sjón að sjá gosið.

Drónamyndirnar nýtast við rannsóknir

Þegar gosið hófst fór Sigurður með öflugan dróna í fylgd jarðvísindamanna frá Háskóla Íslands til þess að fanga myndir af gosinu. „Við notuðum meðal annars leysigeisla í upphafi til þess að staðsetja gígana. Það var fyrsta sýnin á gosið. Þá höfum við mælt stærðina á því á sama máta. Sigurður hefur unnið með jarðvísindamönnum til þess að afla upplýsinga um gosið

sem koma til með að nýtast í rannsóknir þeirra. „Á meðan ég var að mynda gosið voru þeir með sín mælingatæki á gosinu. Þetta gaf þeim ákveðnar tölu- legar upplýsingar um hraða streymis, hita efnisins og fleira.“ Aðspurður um aðstæður á gosstaðnum sagði Sigurður: „Það er langt að fara þarna inn eftir, en við fengum að fara um á stórum jeppa, enda með mikið af búnaði með okkur.“ Við þökkum Sigurði hjá drónaversluninni DJI Reykjavík fyrir myndina sem prýðir forsíðu blaðsins.

-gpp



Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði, Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri Sigurhæða og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra fyrir framan fána Soroptimistasambands Íslands, en það er Soroptimistaklúbbur Suðurlands sem er frumkvöðull að verkefninu. Ljósmyndari: Erling Ó. Aðalsteinsson.

Sigurhæðir hefja starfsemi

Sigurhæðum, þjónustu við pólenður kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, var formlega hleypt af stökkuðum 20. mars sl. með formlegri athöfn í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Gestir voru hátt í hundrað og hafa allir þeirra tengst undirbúningi Sigurhæða. Fjöldmörg ávörp voru flutt og kom fram einlæg gleði með þennan áfanga í þjónustu við pólenður ofbeldis í fjórðungnum, en Sigurhæðir er fyrsta samhæfða úrræðið á því sviði í nærsamfélagi Sunnlendinga.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra flutti opunar ávarp og fagnaði stofnun Sigurhæða. Hún greindi frá þeirri auknu áherslu á kynbundið ofbeldi sem þverpólitísk samstaða hefur myndast um á síðustu árum og birtist m.a. í breiðum stuðningi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í málaflokknum og auknum stuðningi stjórnvalda við margvísleg ný úrræði sem hafa verið sett á laggimar á síðustu árum. Meðal annars hafa stjórnvöld stutt við bakið á Kvennaathvarfinu, sem núna reisir fjölþýlishús með íbúðum

fyrir konur og börn þeirra sem dvalið hafa í athvarfinu og eiga í engin hús að venda að dvölinni þar lokinni. Einnig kom skýrt fram í máli hennar að kynbundið ofbeldi sé einn helsti þrándur í götu þess að við getum búið við fullkomið jafnrétti kynja.

Flestir þekkja Sigurhæðir sem hús Matthíasar Jochumssonar á Akureyri. Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri sendi Sigurhæðingum árnaðaróskir þar sem sagði: „Nafnið Sigurhæðir á sér sérstakan stað í hjörtum Akureyringa. Viljum við sérstaklega óska ykkur til hamingju með það og erum við þess fullviss að því muni fylgja gæfa og blessun.“

Sigurhæðir opnuðu dyr sínar fyrir skjólstaðingum mánu- daginn 22. mars. Þær eru til húsa að Skólavöllum 1 á Selfossi og eru opnunartímar fyrst um sinn á mánudögum frá kl. 16-21, fimmtudögum frá kl. 15-19 og föstudögum frá kl. 10-17. Síminn er 834 5566 og bæði er hægt að koma inn af götunni og bóka viðtal í gegnum síma. Sjá einnig á heimasíðunni sigurhaedir.is.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirikinn.is

Arvirikinn



GLÆSILEGUR DÖMUFATNAÐUR

Gleðilega páska

VIÐ SELJUM FATNAÐ Í STÆRÐUM 36-56.
VEFVERSLUN OKKAR ER TISKUVERSLUN.IS

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444
bokkiehf@gmail.com

BOKKI
GARÐAR



29 DAGAR
til
SUMARS

Langað að gefa út bók síðan ég var 11 ára

Gunnhildur Stella Pálmarsdóttir hefur gefið út bókina *Einfaldara líf*. Bókin er persónuleg og einlæg og hjálpar fólki sem hefur áhuga á því að Einfalda líf sitt að stíga skrefin til fulls. Bókin er að miklu leyti byggð á því þegar Gunna Stella vaknaði upp við það að hringsnúast heima hjá sér og sjá ekki út úr augunum fyrir verkefnum og finnast hún ekki hafa tíma til þess að gera neitt sem skipti hana máli. „Ég hafði lengi þráð að eignast mörg börn og þráði þarna tíma til þess að sinna þeim sem best. Þarna hófst vegferðin í átt að einfaldara lífi. Í bókinni deili ég svo þessari vegferð í forni verkfæra og ráðum sem hafa nýst mér til þess að móta líf mitt í þá átt sem ég sjálf kys. Ég upplifi jafnvægi, ró og einfaldara líf en áður,“ segir Gunna Stella.

Hefur blundað í mér frá barnæsku

Þegar við spyrjum Gunnu Stellu að því hvernig henni kom til hugar að skrifa bók segir hún: „Rætur þess liggja allt aftur til þess tíma þegar ég var barn. Það er smá kjánalegt að segja frá því að ég las bókina Lalli Ljósastaur eftir Þorgrím Þráinsson, en ég var mikill bókaormur. Eftir lesturinn á bókinni var ég komin með það á hreint að einn daginn skyldi ég skrifa bók. Ég hófst auðvitað strax handa og gerði bækur ellefu ára gömul. Þær myndi ég gjarna vilja eiga enn, en geri því miður ekki,“ segir Gunna Stella og hlær. „Í framhaldinu hef ég svo skrifað texta

við ýmis tækifæri og meðal annars pistla í Dagskrána. Þetta hefur svo blundað í mér alla tíð síðan og loksins varð hún að veruleika, en ég er með fleiri í kollinum sem mig langar gjarna að koma frá mér.“

Ferlið hreint ekki einfalt

Þó bókinn sé um það að einfalda líf sitt segir Gunna Stella: „Ef ég hefði vitað hvað ég var að fara út í, en ekki verið Pollýannan sem ég stundum er, þá hefði ég líklega gefist upp áður en ég byrjaði. Ég vil þó undirstrika að vegferðin er ótrúlega gefandi og skemmtileg. Það var í raun ekki fyrir en ég ákvað að taka frá tíma fyrir bókina í dagatalinu mínu, kannski þrjá tíma í viku eða slíkt og hamra hana inn, að eitthvað fór að gerast.“ Þú talar um að ferlið sé hreint ekki einfalt að gefa út bók: „Nei það vill svo til að það þarf mikið til, segir Gunna Stella og skellir hressilega uppúr. En ég á mikið af góðu fólki í kringum mig sem lét hlutina ganga upp. Þetta voru hindranir sem ég yfirsteig hverja af annarri með góðri hjálp. Það er ótrúlega mikið af hæfu fólki sem getur hjálpað manni með svona drauma og látið þá rætast. Á endanum hef ég lært heil ósköp. Meðal annars það að það er ekki óyffirstiganlegt að gefa út bók svo að það verða fleiri.“

Þessi eini er nóg

Nú skrifar þú á persónulegum nótum og bókinn segir frá þínu lífi á opinskáan hátt. Getur þú sagt okkur aðeins hversvegna þú kýst að fara þá leið. „Já, ég

á nokkuð einfalt svar við því. Þú getur heillað fólk með hæfileikum þínum en tengist því í gegnum veikleikana. Þetta hef ég haft sem leiðarstef í því þegar ég skrifa pistla, kenni eða hvað sem ég fæst við á þessum vettvangi. Að berskjalda sig getur verið erfitt. Þegar þú gerir það þá sér fólk að það er manneskja á bakvið skrifin, bara venjuleg manneskja. Og það finnst mér ótrúlega mikils virði. Ég held að fólk hlusti betur þegar einhver sem talar við það sýnir persónulegu hliðar sínar. Við getum til dæmis bara tekið podkóstin með Sölva sem dæmi þar sem fólk opnar á einlægnina sem verður til þess að við leggjum betur við hlustir,“ segir Gunna Stella.

Bókin hugsuð sem verkfæri

Þegar við ræðum um bókina er ljóst að Gunna Stella vildi færa fólki þau verkfæri sem það þyrfti til þess að vinna með hlutina og ná árangri. „Ég hef í gegnum tíðina hitt mýmarga sem vilja svo gjarnan hægja á lífinu, eiga minna, eiga fleiri gæðastundir og þessháttar. Það sem fólk virðist vanta er hvar það á að byrja. Bókin er þannig byggð upp að þú getur byrjað hvar sem er. Þú bara velur þér vettvang og leggur af stað. Þannig hver kaflinn endar á að fara yfir hvort þú sért búinn með verkefni sem lögð voru fyrir og kemur þannig í veg fyrir að þú staðnir í verkefninu. Annars er bara um að gera að næla sér í hana hjá Bókakaffinu hér á Selfossi eða hjá mér,“ segir Gunna Stella að lokum. -gpp



Yndislega móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Þorkelsdóttir,
Dúna,
Seglbúðum,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum þann 21. mars sl. verður jarðsöngin frá Prestsbakkakirkju á Síðu, laugardaginn 27. mars kl. 13:00

Helga Dúnu Jónsdóttir Þórarinn Bjarnason
Bjarni Þorkell Jónsson Gréta Rún Árnadóttir
Björn Sævar Einarsson Guðrún Marta Torfadóttir
barnabörn og langömmubörn.

Skalli

Selfossi

Sá svalasti í bænum

FJÖLSKILDUTILBOÐ

**4 ostborgarar, stór skammtur af frönskum,
2 kokteilsósur & 2L gos**

4.999 kr.



www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483-1111

Nokkur orð um umhverfisgjöld og hrossatað

Álfingi liggur fyrir þingsályktunartillaga sem felur í sér að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er gert að meta hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld og að horfa eigi sérstaklega til gjaldtöku tengda bílaeign.

Er tekið fram í tillögunni að á Íslandi sé umhverfisvitund skammt á veg komin og að gjaldtaka sveitarfélaga vegna bílaeignar þekkest varla nema þá helst í formi bílastæðagjalda og óbeint í formi gatnagerðargjalda. Sveitarfélögum landsins hafi þar með mistekist að stemma stigu við einkabílanotkun. En á sama tíma dregur ríkisstjórnin úr fjármagni til styrktar almennings-samgöngum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun 2020-2023 og fjármálaáætlun 2021-2025.

Það fer ekki á milli mála að tillagan ber ekki hagsmuni landsbyggðarinnar fyrir brjósti heldur eru forsendur miðaðar við höfuðborgarsvæðið þar sem mikil uppbygging í samgöngumálum hefur átt sér stað síðastliðin ár. Staðreyndin er hinsvegar sú að íbúar landsbyggðarinnar búa einfaldlega ekki við sömu samgöngukosti og höfuðborgarbúar, heldur við skerta samgöngumöguleika þar sem daglegt líf snýst um að reíða sig á einkabílinn og þurfa

flestar fjölskyldur að reíða sig á tvo bíla.

Daglegt líf á landsbyggðinni er ekkert svo frábrugðið höfuðborgarlífinu að því leyttinu til að íbúar landsbyggðarinnar þurfa, líkt og höfuðborgarbúar, að sækja vinnu, sækja ýmsa þjónustu og skutlast með börnin til og frá í tómsundur svo fátt annað sé nefnt. Ekki má gleyma því einnig að íbúar landsbyggðarinnar þurfa svo að sækja sérfræðilæknþjónustu til höfuðborgarsvæðisins.

Enginn vafi leikur á því að umrædd umhverfisgjöld séu í raun búsetutengd skattinnheimta sem feli í sér mismunun eftir búsetu, þar sem stór hluti þjóðarinnar sem er búsettur á landsbyggðinni þarf að reíða sig á einkabílinn þar sem ekki er um annarra kosta vól og ekki liggur fyrir hvorki fjármagn né vilji ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar á almennings-samgöngum á landsbyggðinni. Það liggur því ljóst fyrir að umrædd tillaga sé sérstaklega íþyngjandi fyrir fjölmargar fjölskyldur landsins og hreint út sagt dragi úr hvata til einstaklinga og fjölskyldna um að flytjast búferlum út á landsbyggðina og þar með dragi úr jákvæðri byggðapróun sem hefur m.a. verið að eiga sér stað á Suðurlandi, þar sem mikil fólksfjölgun hefur verið síðastliðin ár og enn fjölgar íbúum Suðurlands.

Heiðbrá Ólafsdóttir

lögfræðingur,
kúabóndi og
formaður
Miðflokksdeildar
Rangárþings



Það má heldur ekki gleymast í allri umræðunni að á Íslandi eru landfræðilegar sem og veðurfarslegar aðstæður í landinu með þeim hætti að fjölbreyttari samgöngumátar aðrir en einkabíllinn eru ekki ákjósanlegir né raunhæfir sér í lagi sökum þess að í mörgum tilfellum er um talsverðar vegalengdir að ræða.

Ríkisstjórninni hugnast kannski einna best að fólk á landsbyggðinni taki upp samgöngumáta fyrri tíma og fari í auknum mæli að nýta sér íslenska hestinn aftur sér til fararskjóta, en það myndi eflaust ekki koma neinum á óvart ef það kæmi þá til skoðunar að leggja sérstakt umhverfisgjald á hrossatað?

Umhverfismál eru íbúum landsbyggðarinnar að sjálfsögðu mikilvæg enda náttúran allt um kring ríkjandi. En er til of mikils mælst að ætla að ríkisstjórnin einbeiti sér frekar að skynsamlegri leiðum í stað þess að grafa undan byggðapróun allri landsbyggðinni til óheilla.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Katrín Vilhjálmsdóttir**.

Góðan dag.
Hér kemur uppskrift frá matgæðingi vikunnar.

Mexico-flétta

1 rauðlaukur (smátt skorinn)
600 gr. hakk
1 rúlla tilbúið pizzadeig
salsasósa
3 msk. taco-krydd
safí úr einni lime
2-3 kirsuberjatómatar
200 gr. rifinn ostur



Ofan á

4 vorlaukar
nokkrir kirsuberjatómatar
syrður rjómi

Fletjið deigið út þannig að það þeki eina bökunarplötu, leggjið á plötuna og hafið bökunarappír undir. Skerið 2-3 cm rákir langum niður eftir deiginu en skiljið eftir ca. 10 cm rönd í miðjunni. Steikið laukinn þar til hann er glær og bætið svo hakkinu saman við. Brúnið vel og bætið svo taco-kryddinu út á pönnuna ásamt salsasósunni og lime-safanum. Smakkið til með salti og pipar. Setjið svo hakkblönduna á miðjuna á pizzadeiginu og setjið svo nokkra tómatu smátt skorna yfir hakkið og svo

loks rúmlega helminginn af ostinum. Svo fléttið þið pizzadeiginu yfir hakkblönduna og penslið svo með matarolíu og setjið svo restina af ostinum ofan á og setjið svo inn í ofn á 180 gráður í 20 mín. eða þar til deigið er vel bakað og osturinn gullbrúnn. Svo er fléttan tekin út og settur sýrður rjómi, nokkrir kirsuberjatómatar (smátt skorin) og 4 vorlaukar (smátt skorin) ofan á fléttuna. Borið fram með fersku salati, hrísgrjónum og guacamole.

Guacamole

4 stk. avocado haas
1/3 laukur
hálf rautt chilli
safí úr hálfri lime
lúka af kóríander
smakkað til með salti og pipar

Ég ætla að skora á

Jórunni Helenu Jónsdóttur

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Vöktun á magni plasts í meltingarvegi fýla árið 2020 er lokið

Vöktun á magni plasts í meltingarvegi fýla árið 2020 er lokið og eru niðurstöður aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að um 68% fýlanna voru með plast í meltingarvegi. Meðal fjöldi plastagna í hverjum fýl voru 6,2 en mesti fjöldi agna í einstökum fýl voru 64 plastagnir.

Aðeins 8% af fýlunum var með meira en 0,1 g af plasti í sér sem er nokkuð minna en síðustu ár og undir EcoQO staðlinum.

Þó er ekki hægt að draga af því víðtækar ályktanir þar sem sýnið var of lítið þetta ár og hefði aðeins þurft einn fugl í viðbót með meira en 0,1 g af plasti til að fara yfir mörkin.

Í heild er búið að safna 121 fýl til plastrannsóknna á Íslandi frá árinu 2018 og af þeim hafa 67% verið með plast í meltingarvegi. Hlutfall fýla sem hefur haft meira en 0,1 g af plasti er 13% sem er lágt í samanburði við aðrar rannsóknir á plasti í meltingarvegi fýla við Norður-Atlantshaf.



Plast sem fannst í meltingarvegi eins fýls sem safnað var 2020.

Mikill áhugi á Stekkjaskóla



Nýlega voru auglýstar stöður við Stekkjaskóla en umsóknarfrestur rann út 14. mars sl. Skólastjórnendur eru nú að fara yfir umsóknir og taka viðtöl við umsækjendur. Alls bárust 176 umsóknir í 24 stöður (21 stöðugildi) við Stekkjaskóla. Nokkrir sóttu um fleiri en eina stöðu og voru umsækjendur alls 138. Ánægjulegt er að stór hópur umsækjenda er með leyfisbréf kennara. Um 140 nemendur hefja nám í 1.-4. bekk næsta haust í færanlegum kennslustofueiningum.

Haustið 2022 verður svo fyrsti áfangi nýrrar skóla-byggingar tekinn í notkun. Fljótlega verður kynning á húsnæðinu sem tekið verður í notkun næsta haust sem og skólalóðinni sem nú er í hönnunarferli.

Í Stekkjaskóla verður lögð áhersla á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, útinám, skapandi námsgreinar og jákvæðan skólabrag. Jafnframt er gert ráð fyrir að allt skólasamfélag Stekkjaskóla taki þátt í stefnumótunarvinnunni, það er foreldrar, nemendur og starfsfólk.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,

gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,

sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum

miðvikudegi. Allt efni og auglýs-

ingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,

Selfossi, fyrir hádegis- og mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan

Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að

samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Erlendis ég áfram þeytist út og suður.
Á vegum hér ég víða liðast.
Við mig stærðir skipa miðast.

Svar við gátu í blaði 2589: **FAÐIR.**

1. lína: **Alfaðir** - 2. lína: **Forfaðir**

3. lína: **Þinn faðir**



Við stækkum fermingar- gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar. Velkomin í Landsbankann.

Sveinn Sveinsson frá Fossi skrifar árið 1958: Hugleiðingar um spönsku veikina

Erindi, sem Páll Kolka héraðslæknir flutti í Ríkisútvarpinu á síðastliðnum vetri, um spönsku veikina 1918, voru að mörgu leyti fróðleg og lærdómsrík, sérstaklega fyrir embættismenn þjóðarinnar. Þau sýndu glögg, sem þó var áður vitað, svo ekki verður um villt, hvaða ábyrgð embættismenn þjóðarinnar bera á sínu starfi gagnvart fólkinu og málefnum þess, sem þeir hafa verið kjörnir til að þjóna.

Nú ætla ég að nota mér þetta tækifæri, sem þessi dugnaðar og góði læknir, Páll Kolka gaf tilefni til í erindum sínum til þjóðarinnar, og skrifa nokkur orð um mína skoðun á þessum farsóttarmálum yfirleitt. Það er þá fyrst til að taka með spönsku veikina. Ég hygg, að aldrei síðan landið byggðist hafi verið betra tækifæri til að stöðva farsótt til landsins en þá, vegna þess, sem nú skal greina: Þá voru milliferðir til landsins lamaðar eftir fyrri heimsstyrjöldina og yfirleitt allt atvinnulíf, svo reyrd var yfir öllu að byrja með. Þá var tækni líka komin til sögunnar, svo það mátti hafa samband við útlönd, án þess

að ferðast á milli landa, sem var aðalatriðið. Það var kominn vetur og því hentugur tími til að stöðva milliferðir á meðan hættan stóð yfir, og hvað var það á móti því sem á eftir kom, nema hreint ekki neitt.

Ég geri ráð fyrir, að þáverandi landsstjórn hafi farið eftir ráðum landlæknis, því hans embætti mun bera ábyrgð á því, hvað gera skuli í sóttvarnamálum yfirleitt. Enda hafði þáverandi landlæknir orð á sér fyrir gáfur og röggsemi. En lengi skal maðurinn reyna. Því þegar mest reyndi á, þá kom í ljós, að hann var ekki vaxinn sínu starfi, eins og sýndi sig eftirminnilega hjá fólkinu í Reykjavík, sem mest varð fyrir hörmungum farsóttarinnar. Eftir því sem Páll Kolka sagði í einu erinda sinna, þá hefur staðið tæpt að landlækninum væri vært í Reykjavík, sem von var eftir þetta allt saman, sem á undan var gengið. Og þótt öllum geti yfirsézt, þá er ég þeirrar skoðunar, að hver maður, hvað þá embættismaður, beri ábyrgð á sínu starfi gagnvart þjóðinni. Eftir því sem staðan er hærri, því

meiri ábyrgð. Eins og að framan segir, var auðvelt að stöðva samgöngur hingað til lands eins og á stóð þá, og ef þeir ráðamenn hefðu athugað það – að það er of seint að bygja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann og líka það, að búast við því verra, því það góða skaðar ekki, og þá hefði betur farið.

Þótt það sé áður kunnugt, hvernig tekið var á þessu sóttvarnamáli í Skaftafellssýslu á þeim tíma, þá ætla ég samt að segja þá sögu dálítið nánar í sambandi við þetta sóttvarnamál, sem að framan greinir.

Þáverandi sýslumaður Skaftafellinga, Gísli Sveinsson í Vík, vildi bygja brunninn í tíma, og búast við því verra, því það góða skaðar ekki. Hann ákvað og framkvæmdi algerlega á sitt eindæmi að banna samgöngur við Skaftafellssýslu með það fyrir augum að verjast spönsku sóttinni. En erfiðleikar voru þó á þessu innanhéraðs eða heima fyrir, vegna þess, að héraðslæknarnir höfðu enga trú á þessu, og fleiri forustumenn héraðsins töldu að þetta væri bara hræðsla, sem yrði til óþæginda og truflunar á samgöngum, o. s. frv.

Það mátti því segja, að sýslumaðurinn stæði einn uppi með þetta vandamál, sem varð að gera út um annað hvort strax eða ekki. En reyndin varð sú, þótt tæpt stæði. Sýslumanni tókst fyrir mikinn dugnað og ráðdeild að koma vörnum á, bæði á sjó og landi. Og þeir menn, sem hann setti yfir að fylgja þeim reglum, sem hann fyrirskipaði, gerðu það með trúmennsku, svo allt tókst þetta þryðilega, eins og kunnugt er. Og gat það vissulega gefið öðrum hæfilegt fordæmi til athafna.

Mér datt í hug, þegar Páll Kolka héraðslæknir var að enda útvarpserindin sín, að það hefði verið nokkuð líkt með þá Gísla Sveinsson sýslumann. Þegar þeir byrjuðu sitt embættisstarf, mætti þeim strax alvara lífsins, sem varð þeim báðum dýrmætur skóli reynslunnar, og aflgjafi til þroska, um þeirra embættistíð. Báðum þeim mætti spænska sóttin í algleymingi á sinn hátt, hvorum fyrir sig, og báðir stóðust þeir raunina með óvenjulegum kjarki og dugnaði, enda síðan verið í sínum embættum til sóma og fyrirmyndar, svo sem kunnugt er.

Páll Kolka sagði, að mig minnir, að næsta sumar þar á eftir hafi væg influensa gengið í Reykjavík og eitthvað úti um landið. Austur í Skaftártungu barst hún þannig: Tveir menn að austan (embættismenn) voru á ferð í Reykjavík og fengu þá veiki, en lögðust ekki, fóru svo austur og ætluðu sér að liggja hana úr sér heima, og enduðu svo þetta ferðalag sitt með því að fara um hánótt austur yfir Mýrdalssand, með þeim



Sveinn Sveinsson frá Fossi.

aflleiðingum, að þeir lögðust báðir í Skaftártungunni og annar þeirra fékk lungnabólgu og dó. Með þeim barst veikin í Tunguna, með þeim aflleiðingum, að einn bezt bóndinn þar andaðist og annar bóndi lá mikið af sumrinu, og stúlka sömuleiðis, á bezta aldri o. s. frv. Ef þessir ferðamenn hefðu ekki farið úr Reykjavík fyrir en þeir voru hitalausir, þá hefði allt farið vel, og veikin ekki borizt austur í það sinn. Annars er það undarlegt, hvað sumir menn, þótt góðir séu að öðru leyti, geta verið kærulausir fyrir sig og aðra, að bera smitandi sóttir milli manna.

Rétt fyrir *síðustu aldamót*, sem oftast, gekk yfir mögnuð influensa síðari hluta um hávetur, á þann hátt barst hún í Skaftártunguna þá, að haldin var skírnarveizla í Gröf, sem stendur miðvegis í hreppnum, og þótt snjór mikill væri á jörð, þá fóru einn og fleiri frá hverjum bæ í veizluna, nema einum, Ytri-Ásum, og þegar veizlan stóð sem hæst, kemur þar ferðalangur að austan, vestan frá Vík, og þar hafði þá veikin verið. Endaði þá þessi samkoma með því, að þessi maður smitaði alla þá sem voru þarna staddir, svo að allir lögðust á sama degi, og á sumum bæjum mátti segja á sama klukkutíma, og varð fólk þungt haldið, og einn miðaldra bóndi andaðist, Vigfús á Búlandi. Enda varð einn og einn maður að reyna að dragast út til að gegna skepnunum, og svo mun hafa verið með hann.

Bóndinn frá Ytri-Ásum kom að Eystri-Ásum, um leið og allir voru að leggjast þar, og hitti mann úti, veikan þó, sem sagði honum hvernig komið væri, án þess að þeir kæmu saman. Dró Ytri-Ása bóndinn sig þá til baka og fór heim til sín, og hafði það heimilisfólk svo ekki samband við neinn úr því fyrir en veikin var um garð gengin, og slapp það heimili við veikina algjörlega.

Það er óhætt að slá því föstu,

að enginn er betri eftir að fá influenzu, þvert á móti; margur hefur orðið illa úti af hennar völdum, vegna ýmissa kvilla sem mönnum hafa fylgt úr því, eða leitt til bana, eins og Páll Kolka læknir hefur áður skrifað um. Mér hefir alltaf, eins og áður segir, þótt það mikið kæruleysi fólks, og þá sérstaklega ráðamanna þjóðarinnar, og ég tala ekki um læknana, hvað lítið hefir verið að því gert að

stoppa farsóttir, hvert sinn sem þeirra hefir orðið vart, á hverjum tíma, sem þær hafa geisad, svo að ekki hefir verið hægt að varast það fyrir en í ótíma. Oftast hefði það þó verið auðvelt, ef að því hefði verið unnið í tæka tíð, því hvað er það þótt það valdi nokkrum óþægindum á móti því að láta sóttina geisa yfir, og leggja flesta í rúmið og suma í gröfina. Fyrir nær 40 árum þegar Katla gaus 1918 mátti segja að spænska veikin væri henni samferða, sem líka kom mjög við sögu í byrjun sýslumannsembættis Gísla Sveinssonar. En þar stóð hann ekki einn uppi, því að Lárus Helgason á Klaustri og fleiri framámennt sýslunnar fylgdu honum í því máli, héraðsbúendum til ráða og dáða á ýmsan hátt sem ekki verður orðlengt hér.

Þá var Alþingi og ríkisstjórn ekki eins gjöful á ríkisfé sem nú undanfarnir ár. En þótt það sé mjög nauðsynlegt að ríkið hlaupi undir baggan og hjálpi mönnum og plássum sem verða fyrir tjóni af náttúruvöldum, svo sem eldgosum, jarðskjálftum, skriðuföllum o. fl. óviðráðanlegum náttúruhamförum. En það má ekki ala upp í mönnum sjálfsbjargarleysið með ríkisstyrkjum, svo sem ef sumir bændur í sama plássi geta náð öllum sínum heyjum þryðilega verkuðum í hlöður, en aðrir bændur við hliðina á þeim geta engan bagga hirt. Ef ekki er um að kenna heilsuleysi, þá er eitthvað að hjá þeim síðarnefndu sem ekki ber að styrkja beinlínis með ríkisfé, heldur ber að athuga hvað það sé helst, sem gerir mismuninn, því þar getur margt komið til greina, sem hægt væri að laga.

Um sumarmál 1958

Sigurður Sigursveinsson og Sveinn Runólfsson tóku saman

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

✝

Hjartans þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfinnu Sveinsdóttur, Eyrarbakka.

Þakkar til starfsfólks Sólvalla fyrir hlýju við umönnun, Karlakórs Selfoss og stjórnanda fyrir frábæran tónlistarflutning.

Trausti Sigurðsson Sigríður Sæmundsdóttir
Viðar Sigurðsson Guðbjörg Bjarnadóttir
Soffía Jóhannsdóttir

Dísa Sigurðardóttir
Eygló Alda Sigurðardóttir Sigvard Sigurðss. Hammer
og fjölskyldur.

LYFJA SELFOSSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun





Krabbameinsfélagið

Aðalfundur Krabbameinsfélags Árnessýslu verður haldinn þriðjudaginn 13. apríl kl. 18 í húsnæði Krabbameinsfélagsins að Eyravegi 31, Selfossi.

Allir velkomnir að koma og kynna sér starf Krabbameinsfélagsins í Árnessýslu en það hefur verið ört vaxandi síðasta árið.

1. Fundarsetning/kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársskýrsla kynnt
4. Kosning stjórnar til næsta árs
5. Kosning skoðunarmanna
6. Lagabreytingar kynntar
7. Önnur mál

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu verður takmarkaður fjöldi sem getur setið fundinn.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kynningarfundur

kl. 20:00 - 29. mars 2021

Samkomuhúsið Staður, Eyrarbakka

Verndarsvæði í byggð

Kynningarfundur á Eyrarbakka

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur skv. lögum um verndarsvæði í byggð, látið meta hvort lög um verndarsvæði í byggð eigi við um elsta hluta þorpsins á Eyrarbakka.

Á grundvelli þess mats, sem fram kemur í greinargerð verkefnisins, leggur bæjarstjórn til að sá hluti þorpsins á Eyrarbakka, sem samkvæmt aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 fellur undir hverfisvernd, fái stöðu verndarsvæðis í byggð.

Svæðið er um 28 ha. að stærð og nær yfir elsta hluta Eyrarbakka þar sem flest hin svokölluðu aldamótahús standa og voru byggð út frá jörðunum Einarshöfn, Skúmsstöðum og Háeyri.

Markmið kynningarfundarinnar er að kynna fyrir íbúum og hagsmunaaðilum þá vinnu sem liggur orðið fyrir í formi greinargerðar og tillögu fyrir verkefnið „Eyrarbakki - Verndarsvæði í byggð“.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Sveitarfélagið Árborg

Nánar um verkefnið er að finna á viðburðasíðu sveitarfélagsins: <https://www.arborg.is/vidburdadagatal/verndarsvaedi-i-byggd-kynningarfundur-a-eyrarbakka>

Heimferðarsett Dagnýjar

Það er æ algengara að foreldrar viti kyn barns fyrir fæðingu og okkur datt í hug að það gæti verið gaman að búa til heimferðarsett sem væri ekki bara í ákveðnum lit, heldur væri sniðið líka frekar fyrir annað kynið en hitt og við ákváðum að fitja upp á dömulegu heimferðarsetti.

Í settinu er síð peysa, buxur, húfa, sokkar og vettlingar og munum við birta það allt á næstu vikum. Við byrjum á peysunni.

Settið er allt prjónað úr dásamlegri ull frá Perú, garnið heitir Fingering og er frá Cascade og við notum tvo liti í þetta sett.

Peysan er öll prjónuð fram og til baka, slétt á réttunni og brugðið á röngunni, nema þar sem perluprjón er.

Perluprjón er prjónað þannig að til skiptis eru prjónaðar 1 sl, 1 br, út umferðina, í næstu umferð er prjónað br yfir sl og sl yfir br. Við skammstöfum það hér pp.

Efni: 2 hespur bleikar, ef prjóna á allt settið þarf líka eina hvíta, 4 tölur. 60 cm prjónn no 3,0 og ermaprjónar eða crazy-trio prjónar (sem okkur finnast æðislegir) no 3. Prjónamerki, prjónanælur og hjálparprjónn.

Bolur: Fitjið upp 164 l á hringprjón no 3,0 og prjónið pp alls 6 umferðir. Prjónið nú 7 l pp, 14 l sl, 8 l pp, 49 l sl, 8 l pp, 49 l sl, 8 l pp, 14 l sl, 7 l pp. Prjónið þetta áfram nema hvað á röngunni er prjónað br yfir sl hlutann en pp heldur sér.

Þegar stykkið mælist 20 sm prjónum við frá réttunni 7 l pp, 4 l sl, 2 sl saman, 4 l sl, setjið næstu 4 l á hjálparprjón og geymið þær framán við stykkið, prjónið nú saman 1 l af perluprjóninum og fyrstu 1 á hjálparprjóninum, svo 1 no 2 af báðum, svo 3 og loks 4 (fækkar um 4 l). Setjið næstu 4 l á hjálparprjón og geymið þær aftan við stykkið, prjónið 1. sl lykkjuna saman við 1. l af hjálparprjóninum, svo 1 no 2 af báðum, svo 3. og loks 4. (fækkar um 4 l til viðbótar). Prjónið 10 l sl, 2 saman, 10 sl, 2 saman, 10 sl, 2 saman, 9 sl, þá er komið að næsta pp kafla og prjónað er saman eins og við fyrsta pp kaflann. Prjónið 9 l sl, 2 saman, 10 sl, 2 saman, 10 sl, 2 saman, 10 sl, 2 saman, 10 sl, þá er komið að þriðja pp kafla og prjónað er saman eins og við þá fyrri. Prjónið 4 l sl, 2 sl saman, 4 l sl og loks pp yfir síðustu 7 l.

Prjónið pp til baka alls 8 umferðir, en athugið að í umferð 3 er gert hnappagat í lok umferðar þannig: prjónið 1 l perlu, 2 l saman, fitjið upp 2 l, takið næstu l óprjónaða og steypið henni yfir næstu l, haldið áfram með pp út umferðina, snúið við og haldið pp óbreyttu þar til komnar eru 8 umferðir. Athugið að hnappagöt eru nú gerð í 12. hverri umferð, alls 4 göt. Hvílið nú bolinn og prjónið ermar.

Ermí: Fitjið upp 30 l og prjónið 6 umf pp. Skiptið yfir í slétt prjón á réttunni og brugðið á röngunni (auðvitað má prjóna ermarnar í hring, en hér var prjónað fram og til baka til að fá sömu áferð á ermar og bol). Aukið í fyrstu umferð út um 4 l jafnt yfir prjóninn. Prjónið áfram og aukið út í 6. hverri umferð um 1 l í byrjun og lok hverrar umferðar. Hér



var aukið út þannig að bandið milli lykkna fyrri umferðar var tekið upp og því krossað og prjónað slétt, athugið að krossa til hægri í byrjun umferðar og vinstri í lok umferðar. Aukið út þar til alls eru 50 l á prjóninum. Prjónið þar til ermin mælist 16 sm. Prjónið þá aðra ermi eins.

Axlastykki: Prjónið 7 l pp, 29 l sl, setjið næstu 6 l á prjónanælu, takið aðra ermina, setjið fyrstu 3 l og síðustu 3 l á hjálparnælu og prjónið ermina við bolinn slétt prjón. Prjónið 58 l á bakstykki, setjið næstu 6 l á prjónanælu, takið hina ermina, setjið fyrstu 3 l og síðustu 3 l á hjálparnælu og prjónið ermina við bolinn slétt prjón. Prjónið 29 l sl og 7 l pp. Prjónið br til baka nema boðungana að framán, þeir halda áfram að vera pp.

Í næstu umferð byrjar úrtaka. Prjónið 7 l pp, 25 l sl, takið 1 l óprjónaða og steypið yfir næstu l, 4 l pp, 2 sl saman, 36 l sl, takið 1 l óprjónaða og steypið yfir næstu l, 4 l pp, 2 sl saman, 44 l sl og úrtaka við næstu ermi eins og við þá fyrri. Prjónið brugðið til baka, nema hvað pp er prjónað yfir 4 l við hver samskeyti erma og bols. Haldið áfram á sama hátt þar til komnar eru 19 úrtökur. Fellið þá 7 l af í byrjun næstu umferðar, prjónið stroff 1 sl, 1 br, þar til 7 l eru eftir, prjónið þær pp. Í næstu umferð eru 7 l felldar af, prjónið áfram stroff út umferðina og þar til komnar eru 4 umferðir stroff.

Kragi: Kraginn er prjónaður með pp. Í fyrstu umferðinni er aukið út þannig: 2 l pp aukið út (hédan í frá táknað með +), 2 l pp +, 2 l pp +, 2 l pp +, 3 l pp +, 4 l pp +, 4 l pp +, 3 l pp +, 2 l pp +, 3 l pp +, 4 l pp +, 4 l pp +, 3 l pp +, 2 l pp +, 2 l pp +, 2 l pp (alls 56 l á prjóninum). Prjónið pp alls 14 umf, fellið laust af.

Klippið garnið frá, saumið ermar saman, gangið frá endum og festið 4 tölur á. Skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Vinna, hamingja og umhverfi

Störf án staðsetningar eru aðgerð sem finna má bæði í ríkisstjórnarsáttmálanum og í byggðaáætlun.

Í byggðaáætlun er þetta sérstök aðgerð sem hefur það að markmiði: „Að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum.“

Það þýðir, á mannamáli, að hæfasti umsækjandi er ráðinn og skiptir ekki máli hvort viðkomandi býr á Kópaskeri eða í Kópavogi. Verði starfsmaður ráðinn sem býr utan daglegar vinnusóknar frá viðkomandi ráðuneyti eða stofnun leitist vinnuveitandi við að finna viðunandi starfsaðstöðu nærri heimili. Og það virðist ekki vera vandamál. Að beiðni ráðuneytisins hefur Bygðastofnun tekið saman upplýsingar um mögulegt húsnæði fyrir störf án staðsetningar og sett myndrænt fram á korti.

Störf án staðsetningar er mjög skýr aðgerð og henni fylgja skýrir mælikvarðar. Þannig segir í byggðaáætlun að fyrir lok þessa árs, 2021, skuli 5% auglýstra starfa vera „án staðsetningar“ og í árslok 2024 skulu 10% auglýstra starfa vera „án staðsetningar“. En þetta gerist ekki af sjálfu sér. Ríkið þarf að leggja skýrar línur. Segja má að faraldurinn hafi sýnt bæði stjórnendum og starfsfólki að búseta skiptir ekki máli með tilliti til starfa í mjög mörgum tilfellum.

Það er ekki nóg að línur séu skýrar og hugarfar stjórnenda rétt. Það er á endanum fólkið sjálft, Jón og Gunna sem kjósa að búa á landsbyggðinni, sem skipta mestu máli. Ef þau eru

Sigurður Ingi Jóhannsson

samgöngu- og sveitarstjórna-
ráðherra



búsett á landsbyggðinni þá sækja þau um störf sem áður var eingöngu hægt að sinna á höfuðborgarsvæðinu eða ef þau eru búsett á höfuðborgarsvæðinu og eru í störfum sem gætu verið unnin án staðsetningar þá flytja þau störfin með sér á þann stað sem þau kjósa að búa á. Ég veit að þetta hljómar eins og þetta sé ekkert mál – og ég held að þetta sé í raun ekkert mál.

Ég man eftir því að hafa fyrir nokkru síðan lesið grein um mannaudsmál fyrirtækja þar sem rætt var við forstjóra veitingasölukeðju í Bretlandi. Það hafði vakið mikla athygli hvað viðhorf og framkoma starfsmanna keðjunnar var jákvæð og að starfsmenn hefðu hærri starfsaldur en í sambærilegum keðjum. Forstjórinn var spurður hvað olli þessu, hvernig stefna fyrirtækisins í mannaudsmálum væri frábrugðin annarra. Hann sagði að stefnan væri frekar einföld. Þau legðu sig fram um að ráða hamingjusamt fólk til starfa. Ég nefni þetta hér og nú af því að ég held að störf án staðsetningar snúist ekki aðeins um byggðamál, ekki aðeins um það að ráða þann hæfasta burtséð frá búsetu heldur ekki síst um það að fólk geti valið sér búsetu óháð starfi á stað þar sem því líður vel og í umhverfi sem gerir það hamingjusamt.

Ég vona að okkur takist að nýta viðhorfsbreytinguna sem heimsfaraldurinn hefur fært okkur til að stíga stór og örugg skref í átt til starfa án staðsetningar.

Vel tekið í heilsueflandi námskeið fyrir eldri borgara í Hveragerði

Fyrir bæjarráði Hveragerðis-bæjar lá minnisblað frá forstöðumanni stuðningsþjónustu og málefna aldraðra. Í bréfinu segir: „Heilsuræktarnámskeið fyrir eldri íbúa eða 60 ára og eldri hefur gengið vonum frammar en um 83 manns skráuð sig. Kennari er Berglind Elíasdóttir M.Ed. Íþrótt- og heilsufræðingur en hún hefur sérhæft sig í þjálfun eldri aldurshópa og vann meistaraverkefnið sitt í tengslum við það. Hún sér um skipulag og framkvæmd námskeiðsins. Mikil ánægja er með námskeiðið og hefur ítrekað verið óskað eftir framhaldi. Vegna óvissu við þróun heimsfaraldurs var ákveðið að hafa námskeiðið aðeins í 6 vikur en leggur undirrituð til að námskeiðið verði framlengt um amk. 4

vikur. Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið að setja fjármagn í aukið félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélög líkt og var gert sl. sumar en þá fékk Hveragerðisbær um 739.600 kr. sem hefur verið nýtt til þess að greiða kostnað við heilsuræktarnámskeið. Áætlað er að sú upphæð verði um 953.700 kr. í ár ef greiðsla verður veitt að fullu en hægt er að sækja um 1700 kr. styrk fyrir hvern íbúa 67 ára og eldri í sveitarfélaginu.“

Bæjarráð leggur til við bæjarráð yfir mikilli ánægju með námskeiðið en ljóst þýkir að eldri borgarar í bænum hafi tekið framtakinu fagnandi og nýtt það vel.

VIÐ PRENTUM

BOÐSKORT



SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMETODDI.IS



LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasöm sendi upplýsingar á vr@vr.is fyrir 15. apríl 2021. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássu og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Selfoss með naumt tap gegn FH

HANDBOLTI Selfyssingar þurftu tvívegis á játa sig sigraða í Olísdeildinni í seinustu viku.

Í fyrri leiknum var andstæðingurinn lið Aftureldingar úr Mosfellsbæ. Leiknum, sem fór fram í Hleðsluhöllinni og var hluti af 14. umferð í Olísdeildinni lauk með sigri gestanna.

Mosfellingar byrjuðu leikinn betur og komust fljótt í þriggja marka forystu. Selfyssingar náðu að minnka muninn og jöfnuðu síðan leikinn í 11-11. Afturelding var hins vegar með eins marks forystu þegar liðin gengu inn í klefa í hálfleik, 13-14. Selfoss náði að jafna leikinn fljótt aftur en þá tóku gestirnir við sér, skoruðu næstu fjögur mörk og breyttu stöðunni í 17-21. Það fór allt í lás hjá Selfyssingum sem áttu í kjölfarið afar erfitt uppdráttar sóknarlega. Það tókst ekki að brúa þennan mun og leiknum lyktaði með þriggja marka tapi, 23-26.

Mörk Selfoss: Hergeir Grímsson 6, Alexander Már Egan 5, Atli Ævar Ingólfsson og Ragnar Jóhannsson 3, Einar Sverrisson og Hannes Höskuldsson 2, Tryggvi Þórisson og Gunnar



Vilius átti þrýðisgóða leiki í marki Selfyssinga en það dugði ekki til. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SÁ

Flosi Grétarsson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 18 (40%).

Naumt tap gegn FH

Selfyssingar töpuðu fyrir FH í Kaplakrika í Olísdeild karla í handbolta á sunnudagskvöldið, 28-27. Selfoss byrjaði leikinn vel og náði strax fjögurra marka forskoti á meðan ekkert gekk hjá FH í sókninni. Taflað snerist hins vegar við undir lok fyrri hálfleiks og FH náðu að jafna leikinn í 11-11 í hálfleik. FH var sterkari aðilinn í seinni hálfleik og náðu mest fjögurra marka forystu. Selfyssingar náðu að minnka muninn

niður í eitt mark, en lengra komust Selfyssingar ekki og lokatölur því 28-27, FH í vil. Einar Sverrisson var markahæstur Selfyssinga með 8 mörk, Hergeir Grímsson skoraði 7 og þeir Alexander Már Egan og Ragnar Jóhannsson skoruðu 4 mörk hvor. Nökkvi Dan Elliðason skoraði 2 mörk, Magnús Öder Einarsson 1 og Tryggvi Þórisson 1 mark. Vilius Rasimas varði vel í marki Selfoss eða 17/1 skot í marki Selfoss og var með 37% markvörslu. Næsti leikur Selfyssinga er gegn ÍR á heimavelli á fimmtudag.

-Umf. Selfoss/ESÓ

Hafnarfjarðarpema í Coca Cola-bikarnum

HANDBOLTI Dregið var í 16 liða og fjórðungsúrslit Coca Cola bikarsins í seinustu viku. Strákarnir okkar eiga enn eftir frestaðan leik gegn Haukum í 32 liða úrslitum, en sá leikur fer fram laugardaginn 3. apríl á Ásvöllum. Komist strákarnir í gegnum Hauka bíður hinn helmingur Hafnarfjarðar eftir þeim, útileikur gegn FH. Sigur-



vegarinn úr þeim leik mætir svo sigurvegaranum úr leik Víkings og Vals.

Stelpurnar okkar voru einn-

ig í pottinum og fengu heima-leik gegn FH í 16 liða úrslitum. Sigurvegarinn úr þeim leik fer í heimsókn til Víkings.

Frændur vorir í ÍF Mílan fá Fjölni í Hleðsluhöllina. Sigurvegarinn í þeim leik fær Aftureldingu eða ÍBV í heimsókn.

Leikir 16 liða og fjórðungsúrslita munu fara fram helgina 8.-11. apríl. -Umf. Selfoss/ÁPG



Óskum Hólmfríðu velfarnaðar í öllum þeim verkefnum sem hún tekur að sér í framtíðinni. Umf. Selfoss/GKS

Hólmfríður leggur skóna á hilluna

KNATTSPYRNA Hólmfríður Magnúsdóttir hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir rúmlega tuttugu ára feril í meistara-flokki.

Hólmfríður er ein leikreyndaasta knattspyrnukona landsins með vel yfir 300 meistara-

flokksleiki auk þess sem hún hefur spilað 113 A-landsleiki og skorað í þeim 37 mörk en síðasti landsleikur hennar var gegn Svíþjóð í október síðastliðnum.

Á þessum tímamótum vill knattspyrnudeild Selfoss þakka Fríðu fyrir frábært framlag til

félagsins. Hún kom til félagsins árið 2019 og hefur síðan spilað 32 leiki og skorað þrettán mörk, orðið bikarmeistari með liðinu og gefið gríðarlega mikið af sér bæði innan vallar sem utan.

-Umf. Selfoss/IRI

Guggustund - Ungbarnasund

Ný námskeið hefst 8. apríl

Í boði eru margir hópar fyrir börn frá 2 mánaða til ca. 7 ára.

Sjá nánar á selfoss.net

Skráning er hafin á guggahb@simnet.is eða í síma 848 1626.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Íþróttakennari
Sunddeild Umf. Selfoss



Strákarnir sigruðu Stjörnuna

KNATTSPYRNA Selfyssingar skelltu Stjörnuni 2-1 í lokaumferð A-deildar Lengjubikarsins á Selfossvelli fyrir rúmri viku.

Hrvoje Tokic kom Selfyssingum yfir á 24. mínútu með góðu skoti úr teignum eftir frábæran undirbúning Þorsteins Daníels. Á 37. mínútu var Tokic aftur á ferðinni en hann skallaði þá fyrirgjöf frá Aroni Einarssyni í netið.

Stjörnumenn sóttu meira í seinni hálfleik og á 76. mínútu minnkuðu þeir muninn þegar Þormar Elvarsson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark.

Þrátt fyrir tapið sigruðu Stjörnumenn í riðlinum með 12 stig en Selfoss varð í fjórða sæti með 6 stig. -Umf. Selfoss/IRI



Hrvoje Tokic skoraði bæði mörk Selfyssinga. Ljósmynd: Umf. Selfoss.



Eva Linda Elíasdóttir. Úr safni. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Skellur á heimavelli

KNATTSPYRNA Selfoss fékk skell þegar ÍBV kom í heimsókn á Selfossvöll á laugardag í A-deild Lengjubikarsins.

Selfoss byrjaði mjög vel í leiknum og Eva Lind Elíasdóttir kom þeim yfir á 8. mínútu eftir góðan sprett upp hægri kantinn. Átta mínúttum síðar skallaði Barbára Sól Gísladóttir boltann í netið eftir hornspyrnu og staðan var 2-0 í hálfleik.

Í seinni hálfleik fór hins vegar allt í skrufuna hjá Selfyssingum og ÍBV skoraði tvö mörk á fyrstu tuttugu mínúttunum. Á eftir fylgdu þrjú mörk í viðbót, það síðasta úr vítaspyrnu á 87. mínútu og lokatölur leiksins urðu 2-5.

Selfoss er í 5. sæti riðilsins með 3 stig en ÍBV er í 4. sæti með 4 stig. -Umf. Selfoss/GKS

Aðalfundur hjá frjálssum

UMF. SELFOSS Seinasti aðalfundur deilda Umf. Selfoss fer fram í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss í kvöld,

miðvikudaginn 24. mars kl. 20:00 þegar aðalfundur frjáls-íþróttadeildar fer fram.



Garpur/Hekla með 11 verðlaun á stórmóti ÍR

FRJÁLSAR Garpur/Hekla átti 14 keppendur á stórmóti ÍR helgina 20.-21. mars. Keppendur okkar stóðu sig með ágætum og ber þar helst að nefna: Fjölptraut 8 ára og yngri og 9-10 ára. Frá Garpi/Heklu kepptu þau Guðný Lilja, Víðir Snær, Viljar Breki, Rahila Sara, Helgi Hrafn og Daníel Breki. Mörg þeirra voru að stíga sín fyrstu skref í keppni og var leikgleðin höfð í fyrirrími.

Helga Fjólá Erlendsdóttir sigraði í fimmtarþraut 12 ára stúlkna, en í fimmtarþrautinni eru teknir saman besta árangur úr fimm greinum og stigahæsti einstaklingur sigrar. Helga Fjólá

hljóp 60m á 9,10 (pb), 600m á 2:02,79 (pb), stökk 1,32 í hástökki, 4,33 í langstökki og kastaði 7,97 í kúlu. Samanlagt skilaði þessi árangur Helgu Fjólú fyrsta sætinu.

Það fór mikið fyrir Veigar Þór Víðissyni á mótinu. Veigar tók gull í hástökki, stökk 1,72 (pb), stangarstökk, stökk 2,08 (pb), langstökki 5,97 (pb) og í kúluvarpi, kastaði 13,04 (pb). Þá vann hann til silfurverðlauna í þristökki, stökk 11,14 (pb) og bronsverðlauna í 60m, hljóp á 7,80 (pb) og 60m grind, hljóp á 9,45 (pb). Sjö verðlaun! Yngri bróðir hans, Vikar Reyur Víðisson vann svo einnig í stangar-

stökki, stökk 1,98 og vann til silfurverðlauna í 600m hlaupi, hljóp á 1:52,98. Glæsilegir bræðurnir frá Kastalabrekku!

Að lokum vann Goði Gnýr Guðjónsson til bronsverðlauna í 800m hlaupi karla, hljóp á 2:07,59.

Glæsilegur árangur í alla staði hjá okkar fólki, en einnig var mikið um persónulegar bætingar. Nú fer keppnistímabilið að líða undir lok, en eitt verkefni er þó eftir og er það Bikarkeppni 15 ára og yngri þann 27. mars næstkomandi, en þar verður okkar fólk í eldlíunni, sem hluti af liði HSK.

1. deild karla í körfubolta

SELFOSS -
ÁLFTANES

Föstudaginn 26. mars kl. 19:15
Gjáin, íþróttahús Vallaskóla

Miðasala í gegnum Stubb appið



UMF SELFOSS 1936

FIM 25. MARS 19:30
Ollisdeild karla
SELFOSS - ÍR
HLEÐSLUHÖLLIN

alís

HLEÐSLA

JAKO

BÓNUS

UMF SELFOSS 1936

SUN 28. MARS 13:30
Grill 66 deild kvenna
SELFOSS - VALUR U
HLEÐSLUHÖLLIN

alís

HLEÐSLA

JAKO

BÓNUS

Fulltrúi á skrifstofu Hrunamannahrepps



Hrunamannahreppur og Hitaveita Flúða leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa á skrifstofu Hrunamannahrepps við bókhald, símsvörun og almenn skrifstofustörf, fyrir sveitarfélagið og Hitaveitu Flúða. Skrifstofa Hrunamannahrepps er staðsett í ráðhúsinu á Flúðum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Færsla bókhalds og útgáfu reikninga fyrir hitaveituna.
- Samskipti og skráningu upplýsingagagna í kerfi hitaveitunnar.
- Samskipti við þjónustupega hitaveitunnar.
- Umsjón með skjalavörslu sveitarfélagsins.
- Samskipti við opinbera aðila og símavarsla.
- Aðstoðar sveitarstjóra og veitustjóra við undirbúning funda.
- Utanumhald vegna heimasíðunnar fludir.is.
- Almenn skrifstofustörf.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða hruni@fludir.is.

Umsóknnum ásamt ferilskrá má skila á netfangið hruni@fludir.is eða með pósti merktum:

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir, v/starfsumsóknar. Öllum umsóknnum verður svarað.

Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2021.

Hæfniskröfur:

- Mjög fær í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund.
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Bókhaldsþekking.
- Stundvísi og reglusemi.

Vinir ævilangt

Bæklingur þessi er dálítill fræðslu- og tilgátusaga um bernsku, nám og vináttu Sæmundar fróða Sigfússonar í Odda á Rangárvöllum og Jóns helga Ögmundssonar frá Breiðabólstað í Fljótshlíð, tveggja af merktu mönnum Íslandssögunnar. Í frásögunni er stuðst við það sem vitað er um sögu-persónurnar samkvæmt heimildum og umfjöllun fræðimanna en síðan fyllt upp í og bætt við með skynsamlegum ágiskunum. Margt skemmtilegt kemur í ljós.


Sagt er frá því er Sæmundur Sigfússon sótti skóla í Frakklandi og Þýskalandi þar sem hann lagði stund á hinar sjö frjálsu listir, æðsta nám sem völ var á í Evrópu. Við heimkomu til Íslands varð Sæmundur áhrifa-maður í hinni ungu kirkju og samfélaginu, rak skóla í Odda, tók þátt í löggjafarstarfi og lagði stund á forn fræði. Safn

Eddukvæða hefur löngum verið við hann kennt og kallað Sæmundar-Edda. Sæmundur fékk snemma viðurnefnið hinn fróði.

Jón Ögmundsson fór einnig til náms á meginlandinu og varð við heimkomu mikils virtur prestur þar til hann var kjörinn fyrsti biskup á Hólum í Hjaltadal. Orð fór af gæsku hans og góðum verkum og var hann eftir sinn dag lýstur dýr-lingur og kallaður hinn helgi.

Í sögunni segir Sæmundur fróði á gamals aldri barnabörnum sínum frá bernsku sinni og námi erlendis. Einfaldar blýantsskissur eftir höfund er eru á stangli í bókinni ásamt nokkrum ljósmyndum.

Höfundur er dr. Þór Jakobsson veðurfræðingur og formaður Oddafélagsins 1990-2016.



Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill garðyrkjuskólann í tengsl við FSu

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar skorar á stjórnvöld að tryggja framtíð starfsmenntanám garðyrkjunnar á Íslandi. Á tímum þar sem áhersla er lögð á að hefja iðn- og starfsmenntanám til vegs og virðingar, áhersla lögð á fæðuöryggi þjóðarinnar, aðgerðir í loftslagsmálum og byggðapróun verður ekki við það unað að staða starfsmenntanám garðyrkjunnar sé í þeirri óvissu stöðu sem nú er raunin. Sveitarstjórn telur rétt að aðskilja námið frá Landbúnaðarháskóla Íslands og tryggja framtíð þess á öðrum forsendum, svo sem með tengslum við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikilvægt er að starfsmenntanám sé tryggð öruggt aðstaða í húseignum á Reykjum, enda verður ekki hægt að kenna garðyrkju nema hafa húsakost og svæði til ræktunar. Jafnframt þarf að tryggja að námið verði áfram aðgengilegt fyrir nemendur á ólíkum aldri, en algennt hefur verið að fólk sé komið af hefðbundnum framhaldsskólalæddum þegar það sækir sér menntun á þessu sviði. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur jákvætt að jafnframt verði lögð stund á nýsköpun og rannsóknir í garðyrkju á Reykjum, eftir því sem húsrúm og aðstaða leyfir. Það, sem slíkt ný-



sköpunarstarf leiðir fram, þarf þó á því að halda að fólk með menntun og þekkingu á sviði garðyrkju verði til staðar til að vinna með niðurstöður. Grundvallaratriði er að kippa ekki fótunum undan starfsmenntanám og þarf það að hafa tryggan forgang að því húsnæði sem nauðsynlegt er skv. þarfagreiningu, en aðra hluta húsnæðisins væri hægt að nýta fyrir aðstöðu til rannsókna á Reykjum. Um er að ræða menntun sex atvinnugreina sem allar eru mikilvægar. Í Bláskógabyggð hefur átt sér stað mikil uppbygging á sviði garðyrkju, m.a. 9.000 fermetrar gróðurhúsa reistir á

síðasta ári. Þá eru margar eldri garðyrkjustöðvar að ganga í gegnum endurnýjun og unnið er að ýmiskonar nýsköpun. Rímar þetta vel við stefnu stjórnvalda um að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% árið 2023 til að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu. Öll þessi starfsemi þarf á að halda starfsfólki sem kann til verka og er nauðsynlegt að viðhalda fagmennsku í þessum greinum. Því er brýnt að tryggja það að áfram verði boðið upp á metnaðarfullt garðyrkjunám, jafnframt því sem unnið er að nýsköpun í greininni.



FLÓAHREPPUR

Sumarstarf og útvera í Flóahreppi

FLOKKSTJÓRAR Í VINNUSKÓLA FLÓAHREPPS

Ertu að leita að skemmtilegu sumarstarfi?

Flóahreppur óskar eftir að ráða flokkstjóra í vinnuskóla Flóahrepps. Leitað er að öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglíngum og ungmönnum. Flokkstjórar undirbúa verkefni vinnuskólans ásamt umsjónarmanni fasteigna og starfa einnig með húsvörðum í fasteignum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi með unglíngum og ungmönnum. Vinnuskólinn starfar í 7 vikur frá 7. júní – 22. júlí. Starfstími flokkstjóra getur verið allt að 3 vikum lengri við slátt og aðra umhirðu á lóðum sveitarfélagsins.

Umsóknir ásamt ferilskrá og sakavottorði berist skrifstofu Flóahrepps fyrir 7. apríl 2021 á netfangið floahreppur@floahreppur.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 4370.

Garðyrkjunámið á Reykjum í Ölfusi er stolt Suðurlands

Í síðustu viku lagði ég spurningar fyrir menntamálaráðherra á Alþingi um þá nýlegu ákvörðun hennar að flytja starfsmenntanám í garðyrkju undan Landbúnaðarháskólanum. Framtíð garðyrkjunámsins er í ákveðinni óvissu á meðan ekki liggur ákvörðun um hvernig tilhögun þess verður. Spurningar mínar sneru að því hvernig framtíð starfsmenntanám í garðyrkju á Reykjum í Ölfusi yrði tryggt. Í því sambandi lagði ég áherslu á að Garðyrkjuskólanum yrði falin umsjón og staðarhald á Reykjum í virkri samvinnu og samráði við forsvarmenn samtaka á vettvangi garðyrkjunnar og starfsfólk og kennara á staðnum.

Innlend framleiðsla stórefld

Mikill einhugur er um að stórefla innlenda framleiðslu í garðyrkju og landbúnaði, ekki síst í því ástandi sem við höfum gengið í gegnum að undanförmum. Á sama tíma berast ánægjulegar fréttir af því að garðyrkja í landinu sé í miklum uppgangi, sannur vaxtarbroddur atvinnulífs og sjálfbærni. Tryggja þarf betur fæðuöryggi þjóðarinnar með aukinni matvælaframleiðslu í öllum greinum. Íslendingar eiga

að framleiða sem mest af sínum matvælum sjálfir. Að auki styður innlend framleiðsla við aðgerðir okkar í loftslagsmálum.

Iðn- og starfsmenntanám

Tyllidagar eru iðulega notaðir til að tala um að hefja iðn- og starfsmenntanám til meiri virðingar. Í því sambandi er grundvallaratriði að fótunum verði ekki kippt undan starfsmenntanám á Reykjum. Tryggja þarf náminu forgang að því húsnæði og landrými sem því er nauðsynlegt. Garðyrkjunámið þjónar nú sex atvinnugreinum og nemendur hafa verið á breiðu aldursbili, ólíkt því sem gerist með annað nám á framhaldsskólastigi. Mikil og gott samstarf hefur verið við atvinnugreinarnar sjálfar og það leitt af sér skjóta aðlögun námsins að breytingum sem eiga sér stað. Nauðsynlegt er að halda í þá sérstöðu sem skólinn hefur haft að þessu leyti.

Stolt Suðurlands

Garðyrkjuskólinn hefur í áratugi verið sannkallað stolt Ölfuss, Hveragerðis og alls Suðurlands. Brýnt er að styðja við öflugt skólastarf úti á landi og ekki síst þar sem það hefur vaxið og dafnað hingað til. Það er ekki að

Karl Gauti Hjalton

Þingmaður Miðflokksins í Suðurrkjördæmi



ástæðulausu sem fólk á Suðurlandi hefur áhyggjur af framtíð garðyrkjunámsins á Reykjum. Við þekkjum aðdrif Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Garðyrkjunámið á ekki skilið að lenda á hrakhólum. Slíkt er mikilvægi námsins, saga skólans og starfið á Reykjum.

Haldið um fjöreggið

Afar mikilvægt er að hér takist vel til svo garðyrkjunáminu verði sköpuð öruggt framtíð í nánum tengslum við atvinnugreinar garðyrkjunnar og áfram verði boðið upp á metnaðarfullt garðyrkjunám á framhaldsskólastigi. Þá má það ekki gerast að þrengt verði svo að athafnasvæði skólans að hann eigi ekki möguleika á að þróast áfram. Það er vísasta leiðin til að námið liðist í sundur. Vanda skal til verka þegar haldið er um fjöregg garðyrkjunnar, sem námið á Reykjum sannarlega er.

Geysir og Kerlingarfjöll friðlýst gegn orkuvinnslu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði í dag friðlýsingu Geysis og Kerlingarfjalla gegn orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun). Um er að ræða tvær friðlýsingar háhitasvæða í verndarflokki rammaáætlunar. Innan þeirra eru fimm orkukostir sem Alþingi ákvað árið 2013 að myndu fara í verndarflokk.

Tilgangur og markmið friðlýsinganna er að vernda háhitasvæði Geysis og Kerlingarfjalla gegn orkuvinnslu yfir 50MW í varmaafli og uppsettu rafafli yfir 10MW. Friðlýsing svæðanna nú nær ekki til annarra þátta en orkuvinnslu. Bæði svæðin voru þó friðlýst sl. sumar á grundvelli annarra greina náttúruverndarlaga; Geysir í Haukadal sem náttúruvætti en Kerlingarfjöll sem landslagsverndarsvæði.

Í rökstuðningi verkefnisstjórnar rammaáætlunar fyrir



flokkun Geysis í verndarflokk og friðlýsingu þess, kemur fram að á svæðinu séu heimsþekktar náttúruminjar og að svæðið sé mikilvægt ferðamannasvæði. Svæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar, einstakt á heimsvísu og einn mest sótti ferðamannastaðurinn á Íslandi.

Í rökstuðningi fyrir verndun háhitasvæðis Kerlingarfjalla í rammaáætlun kemur fram að á svæðinu sé sérstætt og verðmætt landslag og að þar séu lítt röskuð víðerni. Kerlingar-

fjöll eru fjallabákur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er að hluta óbyggt víðerni sem einkennist af stórbrotu og litríku landslagi. Mikil líparítfjöll einkenna svæðið, meðal annars svonefndir líparítstapar,

sem eru fágætir á heimsvísu. Í Kerlingarfjöllum er allmikið háhitasvæði og skiptist það í þrjú meginsvæði; Hverabotn, Hveradali og Efri-Hveradali og þrífst sérstætt lífríki örvera í hverunum. Þá hefur í Hverabotni

mælst hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi, á bilinu 145 til 150°C.

„Friðlýsing háhitasvæða Geysis og Kerlingarfjalla gegn orkuvinnslu er hluti af friðlýsingaáttaki sem ég ýtti úr vör árið 2018. Friðlýsingarnar tvær eru mikilvægur áfangi í að vernda íslenska náttúru enda Geysir og Kerlingarfjöll meðal okkar helstu náttúruperla. Áður hafa Jökulsá á Fjöllum, Gjástykki og Brennisteinsfjöll verið friðlýst gegn orkuvinnslu en lög um rammaáætlun kveða á um að svo sé gert þegar Alþingi hefur ákveðið hvaða orkukostir fari í verndarflokk,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Upplýsingar til Ríkiskaupa vegna auglýsingar á útboði 21400.



Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, kynnir opið útboð á uppbyggingu nýrrar Gestastofu Vatnajökulsþjóðarðs á Kirkjubæjarklaustri. Gestastofan mun hýsa fjölbreytta starfsemi þjóðgarðsins. Byggingin er einnar hæðar bygging með kjallara undir hluta hennar. Byggingin er hönnuð þannig að hún falli vel að landinu með gönguleiðum upp á þak byggingar og akstursbraut niður að kjallara húss. Húsið er að hluta til einangrað að utan og jarðvegur lagður að því, forsteyptum steypueiningum og glerveggjakerfi. Þak er viðsnúið með ábræddum þakpappa og lagt með torfi. Ganga skal frá húsinu að utan og innan ásamt lóð fullbúnu til notanda.

Búið er að grafa fyrir húsi, grafa og fylla í bilastæði og setja upp heildargirðingu fyrir verksvæðið, sem var framkvæmt í sérstöku jarðvinnuútboði. Jarðvinna í þessu verki felst í að fylla í sökklá, fylla að húsi, grafa og endurfylla í lagnaskurði undir og meðfram húsi. Verktaki tekur við þessum girðingum, aksturshliði og göngugirðingu, sér um að viðhalda þeim á verktíma. Byggingarreiturn er í u.þ.b. tveggja kílómetra fjarlægð frá Kirkjubæjarklaustri. Stærð lóðar er 63.235 m² og byggingarflötur er 765 m².

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	7.000 m ³
Mótauppsláttur	3.000 m ²
Steypa	550 m ³
Stálvirki	5.100 kg
Frágangur innveggja, málun o.fl.	1.200 m ²
Frágangur útveggja, málun o.fl.	870 m ²
Frágangur gólfa, flísar, dúkur o.fl.	700 m ²
Frágangur þaks.	730 m ²

Vakin er athygli á því að verkkaupi hyggst fá alþjóðlega umhverfisvottun samkvæmt BREEAM á nýbygginguna en slíkt vottunarferli tekur til margra þátta verktaka á byggingarstað.

Nánari upplýsingar má finna á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

Reykjavík, 19.03.2021
Framkvæmdasýsla ríkisins

ATVINNA ÖLFUS



Starfsmaður í sumarafleysingar óskast á heimili fatlaðs fólks að Selvogsbraut í Þorlákshöfn.

Starfað er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Helstu verkefni eru að veita íbúum stuðning í daglegu lífi þeirra, innan og utan heimilis.

Endurnýja þarf eldri umsóknir.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur svo sem þroskaþjálfamenntun, félagsliða- eða stuðningsfulltrúanám
- Góð almenn menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og lipurð í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð er skilyrði

Í boði er fjölbreytt sumarstarf þar sem unnið er á þrískiptum vöktum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og FOSS.

Umsóknarfrestur er til 6. apríl 2021.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jóhannsdóttir, kolbrun@olfus.is eða í síma 483 3844.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TAPAD/FUNDIÐ

Veskið er merkt með nafninu
Einar Guðbjartsson. Veskið getur
mögulega verið á Selfossi, Þor-
lákshöfn eða Hveragerði. Finn-
andi er vinsamlega beðinn um
að hafa samband í s. 869 8795.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun
Áttund

Yoga nidra byrjar
12. og 14. apríl.

Yoga nidra net-
námskeið 17. apríl.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197
Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fermingarmessa laugardaginn
27. mars kl. 11:00.
Fermingarmessa á pálmásunn-
dag 28. mars kl. 11:00.

Skírdagur 1. apríl, fermingar-
messur kl. 10:00 og 11:30

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Páskadagur 4. apríl, hátíð-
arguðsþjónusta kl. 8:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Edit A. Molnár, prestur Gunnar
Jóhannesson.

Laugardælakirkja
Skírdagur 1. apríl, guðsþjónusta
kl. 13:30. Almennur safnaðar-
söngur, organisti Guðmundur
Eiríksson, prestur Gunnar
Jóhannesson.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Stokkseyrarkirkja
Páskadagur 4. apríl, hátíðarguðs-
þjónusta kl. 11:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Gunnar
Jóhannesson.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Eyrarbakakirkja
Páskadagur 4. apríl, hátíðarguðs-
þjónusta kl. 8:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Villingaholtskirkja
Páskadagur 4. apríl, hátíðarguðs-
þjónusta kl. 13:30. Kirkjukórinn
syngur, organisti Guðmundur
Eiríksson, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Hraungerðskirkja
Annar páskadagur 5. apríl hátíð-
arguðsþjónusta kl. 13:30.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Guðmundur Eiríksson, prestur
Gunnar Jóhannesson.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

Þorlákskirkja
Sunnudagurinn 28. mars. Guðs-
þjónusta kl. 11:00 - Ferming-
Kór Þorlákskirkju leiðir safnaðar-
söngur undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur. Verum öll velkomin
til kirkju. Sökarnefnd og
sökarnestur.

Skálholtsdómkirkja
Messa á pálmásunnudag kl.
11.00. Sr. Egill Hallgrímsson
annast prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

Hveragerðskirkja
Fermingarguðsþjónusta kl. 11.
Prestur sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir, Kirkjukór Hveragerðis-
og Kotstrandarsókna syngur.
Organisti Miklós Dalmay.

Reyniskirkja
Skírdagur, 1. apríl, kl. 13:00.
Fermingarmessa - 1 barn.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr Samkór Mýrdælinga
leiða söng.

Hjallatún í Vik
Föstudagurinn langi, 2. apríl, kl.
13:00. Helgistund fyrir heimilis-
fólk og starfsfólk. Organisti er
Brian R. Haroldsson. Ekki gert
ráð fyrir söng.

Vikurkirkja
Páskasunnudagur, 4. apríl, kl.
11:00. Hátíðarguðsþjónusta.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr Samkór Mýrdælinga
leiða söng. Af ástæðum sem allir
vita hverjar eru verður ekki
morgunmessa og kaffi hjá
prestshjónunum þetta árið.

Gaulverjabæjarkirkja
Annar páskadagur 5. apríl hátíð-
arguðsþjónusta kl. 14:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Föstudagurinn langi 2. apríl,
pilgrimaganga. Lagt af stað frá
Eyrarbakakirkju kl. 13:00 og
gengið í Stokkseyrarkirkju. Sjá
nánar á selfosskirkja.is.

**Eyvindarhóla kirkja undir
Eyjafjöllum**
Páskasunnudagur, 4. apríl, kl.
16:00. Hátíðarguðsþjónusta.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr kirkjukór Eyfellinga
leiða söng.

**Stóra-Dalskirkja undir
Eyjafjöllum**
Annar í páskum, 5. apríl, kl.
14:00. Messa - altarisganga.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr kirkjukór Eyfellinga
leiða söng.

Skeiðflatarkirkja
Páskasunnudagur, 4. apríl, kl.
14:00. Hátíðarguðsþjónusta.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr Samkór Mýrdælinga
leiða söng.

Vikurkirkja
Skírdagur 1. apríl, kl. 11:00.
Fermingarmessa - 1 barn.
Organisti er Brian R. Haroldsson.
Félagar úr Samkór Mýrdælinga
leiða söng.

ATVINNA

Starfsmaður óskast í
vortörn. Upplýsingar á
staðnum; Gagnheiði 25
Selfoss.

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Skráning á frístundaheimili

Opnað hefur verið fyrir skráningu í öll frístundaheimili
sveitarfélagsins Árborgar fyrir skólaárið 2021-2022.

Hólar við Sunnulækjarskóla, Bifrost við Vallaskóla, Stjórn-
steinar við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri og nýja
frístundaheimilið við Stekkjaskóla.

Skráning fer fram á mín Árborg/Vala frístund

Ölfus vill Markaðsstofu
Suðurlands í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus hefur
Sboðið Markaðsstofu Suður-
lands að þiggja gjaldfrjálst
húsnæði undir starfseminu. Í
fundargerð bæjarráðs Ölfuss
kemur fram að Markaðsstofa
Suðurlands telji ekki tímabært
að þiggja húsnæðið að svo
stöddu. Það vekur furðu fundar-
manna í bæjarráði Ölfuss. „Boð
sveitarfélagsins hefði losað stofu-
una undan föstum rekstrarkost-
naði og sýnt að Markaðsstofan
geti unnið fyrir allt starfssvæðið
án þess að staðsetning skipti



máli,“ segir í fundargerðinni. Þá
ítrekaði bæjarráð boð sitt.

Reisufærð á æskuslóðir með Halldóri Blöndal

Það var tilhlökkun sem fylgdi því að halda í austurátt úr Reykjavík með Halldór Blöndal fyrrverandi ráðherra og forseta Alþingis sem ferðafélaga. Ferðinni var heitið á Selfoss, til að hitta kappana Guðmund og Sigfús Kristinssyni sem eru jafnaldrar byggðarinnar við Ölfusárbrú eins og sagt var lengi. Þessir bræður eru á aldur við Mjólkurbú Flóamanna og Kaupfélag Árnesinga, synir staðarsmiðs Selfoss, Kristins Vigfússonar, sem var einkavinur Egils Thorarensen kaupfélagsstjóra sem samvinnu-menn trúðu að hefði tekið við sköpunarverkinu þar sem guð almáttugur hætti. Þessir öldnu bræður kunna sögu Selfoss betur en aðrir og muna hana alla. Enda skrifaði Guðmundur sögu Selfoss frá örófi til 1960 og hygg ég að það hefði ekki verið betur gert af nokkrum manni.

Sigfús hefur hlotið riddarakross Fálkaorðunnar fyrir afrek sín í heimabyggð. Í áttatíu ár hefur hann haldið á hamri og enn vinnur hann afrek, um það ber merki nýr torfbær í hlaðinu á Árnesi, æskuheimili þeirra bræðra. En fjórða kynslóðin, Benedikt dóttursonur Sigfúsar og verkfræðinemi hefur tekið á með afa sínum og fylgt honum frá barnsaldri eins og sólargeisli. Halldór Blöndal naut þess að hafa í æsku verið

vinnumaður í Litlu-Sandvík hjá Aldísi og Lýð Guðmundssyni, uppeldisbróður Páls Lýðssonar. Við Halldór gengum í torfbæinn og skoðuðum hann með Sigfúsi og komum að brunni staðarsmiðsins, föður hans, sem Sigfús hefur varðveitt. Aldís Sigfúsdóttir gaf okkur bleikju að borða og voru karlarnir kátir þegar þeir rifjuðu upp æskuárin í Litlu-Sandvík. Halldór þuldi öll nöfn á reiðingshrossunum og mjólkurkúnum. Þeir deildu nú um pólitík, Guðmundur og Halldór, þó allri umræðu lyki í bræðralagi.

Að lokum héldum við Halldór ásamt Sigfúsi að flóðgáttinni á Brúnastaðaflötum sem er eitt merkilegasta mannvirkið sem Kristinn staðarsmiður smíðaði á sinni tíð, og opnuð var 1927 þegar Hvítá var veitt á engjar Flóamanna. Páfinn í Róm ræddi ekkert um kristna trú við Guðbrand Jónsson föður Jóns dýralæknis þegar hann heimsótti páfann, heldur Flóaáveituna. Og mannvirkið er annað mannvirkið sem sést frá tunglinu hitt er Kínamúrinn, sagði Þór sonur Hallærisfúsa, en það viðurnefni bar Vigfús faðir Þórs bílstjóri Dúfunnar því hann notaði aldrei stærra lýsingarorð kæmi eitthvað fyrir „en ansans hallæri.“ Það var það eina sem hann sagði í Kömbum forðum þegar hann velti Dúfunni og faðir minn

varð undir bílnum, fékk hann á bringuna og þótti kraftaverk að hann lifði af. Og Grímur á Syðri-Reykjum bjargaði honum með brennivínssopa að hann sagði, sem hann helkti ofan í Ágúst og hann tók að hósta. En flöskuna hafði Grímur keypt um morguninn á svörtum af kaupmanninum Agli Thorarensen, svona lágu kraftaverk Egils víða.

Að lokum fórum við að Brúnastöðum í eldhús Þórunnar og þáðum veitingar. Þann dag var Jón Bjarnason rúningsmaður frá Skippholti að rýja fé, fjárræktarmannsins Ágústs Inga. Nú skipaði Ketill bóndi svo fyrir að Jón skildi settur á milli tveggja elda, mín og Halldórs. Þótt Jón sé af þeirri mögnuðu framsóknarætt frá Seglbúðum þá er hann sjálfstæðismaður. Jón hélt striki sínu og hallaðist til hægri og veitti Halldóri allan sinn stuðning. Nú fékk Halldór og Sigfús átta og hálfan dropa af gullnu víni hjá Katli bónda. Í hvert sinn sem Halldór rifjaði upp verk sín sem landbúnaðarráðherra sagði hann gjarnan „þegar við Sigurgeir,“ gerðum þetta eða hitt. En Sigurgeir Þorgeirsson hrútdómari var aðstoðarmaður hans, afburðamaður. Halldór upplýsti að hann hefði setið þingflokksfundu í Sjálfstæðisflokknum eftir hverjar kosningar frá



Guðni Ágústsson, Guðmundur Kristinsson, Sigfús Kristinsson og Halldór Blöndal við heimili Sigfúsar að Bankasvegi 5 á Selfossi.

vorkosningum 1959 til dagsins í dag eða yfir 60 ár. Hann mundi marga þingskörungur þessa tímabils og minnst Ágústs á Brúnastöðum fyrir sterkan málróm og að hlátur hans heyrðist um þinghúsið. Þegar við Halldór stóðum upp frá borðum Þórunnar eftir snarpar umræður vorum við sammála um að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þingmanni framtíðarinnar fyrir

Sjálfstæðisflokkinn á Suðurlandi. Þegar út á hlaðið kom á Brúnastöðum og Halldór horfði á Hestfjall og Hvítá í klakaböndum, hnykkti hann til höfðinu og mælti fram eftirfarandi: „Fallett þó mér þyki á Brúnastöðum, hvarflar alltaf hugurinn heim að Sandvík, Guðni minn.“

Guðni Ágústsson



**Fjármála- og trygginga-
ráðgjöf á einum stað
í útibúum Arion banka**

arionbanki.is



Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í útibúum Arion banka á Höfða, Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund á arionbanki.is.

vörður

Eiginlega spennt að sjá hvað mér dettur í hug næst

Kristrún Helga Marinósdóttir Keða Dúdda eins og hún er gjarna kölluð er með listasýningu í Listagjanni í Bókasafni Árborgar um þessar mundir. Þetta er fyrsta listasýning Dúddu. Verkin á sýningunni eru unnin úr íslenski ull og eiga það sameiginlegt að vera í hringlaga formi. Dúdda notar samt sem áður ólíka miðla til þess að skapa. M.a. ljósmyndun, myndlist og fleira. Við litum við í kaffispjall og ræddum listina og lífið.

Hefur mikla sköpunarþörf og vill hafa nóg fyrir stafni

Dúdda ólst upp í Tálknafirði í stórum systkinahópi, en hefur að mestu leyti búið á Selfossi frá um 16 ára aldri. „Ég hef búið að mestu leyti á Selfossi síðan ég kom hingað í Fjölbautaskólann en þar kynntist ég einmitt manninum mínum og í dag eigum við saman þrjú börn. Ég starfa sem kennari í Vallaskóla hér á Selfossi.“ Heimili þeirra hjóna ber þess merki að þar búi einhver með gott auga fyrir fallegu og notalegu umhverfi. Ég spyr Dúddu hvaðan sköpunarþörfin kemur. „Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að skapa og í raun bara þörf fyrir að hafa nóg fyrir stafni og gera fínt í kringum mig. Þegar ég var í námi og fyrstu árin þar á eftir þegar við vorum að koma okkur fyrir þá var gott að vera sniðugur og finna leiðir til þess að geta fegrað í kringum sig án þess að það kostaði of mikið,“ segir Dúdda, en heimilið ber þess fagurt vitni.

Unnið með ólíka miðla

Dúdda hefur gegn um tíðina notað marga og ólíka miðla til þess að fá sköpunarþörf sinni svarað. Við spyrjum aðeins út í hvaða miðlar henni þykja skemmtilegastir að vinna með. „Ég hef í langan tíma verið mjög upptekin af hringforminu, hvort sem það hefur verið í myndum sem ég hef teiknað og málað, sett ramma í hringformi utan um ljósmyndir mínar. Svo var ég aðeins farin að vefa og langaði til þess að ná að vefa í hring en það gekk alls ekki vel en það er einmitt partur af þessu, það



Kristrún Helga Marinósdóttir.

ganga ekkert allar hugmyndirnar upp. Svo allt í einu áttaði ég mig á því að ég gæti náð þessu formi og áferð með þessari tækni sem ég er að beita í dag og þá small allt saman. Svo mér finnst ég vera að sjá ákveðna þróun í því sem ég hef verið að gera. Ég held að ég sé ekkert komin á neinn endapunkt og ég er eiginlega bara spennt að sjá hvað mér dettur næst í hug,“ segir Dúdda og brosir hlýlega.

Skemmtilegt að fá tækifæri til að halda sýningu

Við færum talið að sýningunni og því hvers vegna hún valdi ullina sem miðil umfram aðra á sýningunni. „Eins og ég nefndi áðan þá hafa þessi verk algerlega átt hug minn síðan ég fór að vinna þau og viðbrögðin sem ég hef fengið hafa líka ýtt undir að ég haldi mig í bili svolítið á þessari braut.“ Hvaðan fékkst þú innblástur í verkin á sýningunni? „Það er kannski alger klisja að segja það en staðreyndin er sú að hún kemur beint frá íslenski náttúru. Ég elska útivist og elska að sjá breytileikann eftir árstíðum og alla litadýrðina og mér finnst mjög skemmtilegt að reyna að ná þessum atriðum fram með ullinni.“ Eins og fram hefur komið er þetta fyrsta sýning Dúddu sem kemur fyrir sjónir almennings. Við spyrjum auðvitað hvernig tilfinning það sé að vera með fyrstu sýninguna. „Það er ótrúlega skemmtilegt að fá tækifæri til þess að halda svona sýningu og ég er mjög

þakklát fyrir það hvað þær eru flottar í bókasafninu að gefa mér þetta tækifæri. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og ýta undir að ég haldi áfram í þessu.“

Mín helsta áskorun að koma öllum hugmyndum í framkvæmd

„Ég vona að þetta sé einmitt bara mín fyrsta sýning af mörgum. Mín helsta áskorun núna er bara að koma öllum hugmyndunum mínum frá mér í verk. Það eina sem getur haldið fyrir mér vöku eru hugmyndir sem þrá það að komast í framkvæmd,“ segir Dúdda að lokum. -gpp

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Efirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D+H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC / viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjonaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

FYLGD Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Juubbii
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími